



Fréttabréf JANÚAR

VATNSENDASKÓLI

Frá skólustjóra.

12. janúar 2021

Ég vil byrja á því að óska ykkur öllum gleðilegs árs og þakka fyrir liðna árið. Óhætt er að segja að síðastliðið ár hafi verið mikill lærdómur fyrir okkur öll og hvað varðar skólasamfélagið þá voru margar áskoranir sem við þurfum að leysa. Það var mikið ánægjuefni að við gátum hafið venjulegt skólastarf með öllum nemendum eftir jólafrí. Allt er nú að komast í jafnvægi eftir fríið og gott fyrir alla að komast í hefðbundna rútínu. Von okkar er að þetta haldist út skólaárið en við erum þó öllu viðbúin ef einhverjar breytingar þarf að gera vegna smita í samfélaginu. Við leggjum mikla áherslu við nemendur og starfsfólk skólans að viðhalda persónulegum sóttvörnum. Í því felst að þvo hendur og spritta og gæta að fjarlægðarmörkum hjá starfsmönnum. Aðkoma foreldra að skólanum er enn takmörkuð og biðjum við ykkur að virða það áfram.

Framundan eru nemenda- og foreldraviðtöl á unglingastigi og verða þau viðtöl með sama hætti og í nóvember. Nemenda- og foreldraviðtöl á yngsta- og miðstigi verða í byrjun mars og skoðum við með hvaða hætti þau verða þegar nær dregur.

Við horfum bjartsýn fram á veginn og tökum árinu 2021 fagnandi.

Bestu kveðjur, María Jónsdóttir

Morgunopnun í Vatnsendaskóla

Frá og með 5. janúar opnar skólinn alla morgna fyrir nemendur sem þurfa á því að halda kl: 7:45.

1. og 2. bekkur mæta á 2. hæð í kennslustofu 1. bekkjar. Gæsla frá kl: 7:45.

3. og 4. bekkur mæta í miðrýmið fyrir framan myndmennt og textílmenn. Gæsla frá kl: 8:00.

5.-7. bekkur geta farið inn í sínar heimastofur frá kl: 8:00-8:10.



VATNSENDASKÓLI




Hrós mánaðarins fá nemendur í 9. bekk sem að lögðu sitt af mörkum til að styðja við Mæðrastyrksnefnd Kópavogs og Rauða kross Ísland í desember. Margfalt húrra fyrir ykkur.

Við hvetjum ykkur til að koma með ábendingar um hrós mánaðarins. Hægt er að senda ábendingar á ingunnhuld@kopavogur.is

Vatnsendaskóli notar **Mentor** til að halda utan um námsárangur, mætingar og annað sem að við kemur nemendum. Hér er að finna **handbók** fyrir aðstandendur sem gott er að kynna sér. Við minnum einnig á að hægt er að skrá leyfi og veikindi nemenda í gegnum mentor appið.





Góðgerðarsöfnun í desember

Í góðgerðasöfnun Vatnsendaskóla söfnuðust **57.783 kr. sem afhentar hafa verið Píeta samtökunum. Við þökkum öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum. Margt smátt gerir eitt stórt.**

Dagsetningar í janúar

18.01-22.01 9. bekkur skólaferðalag að Laugarvatni

22.01 Bóndadagur

25.01-29.01 Nemenda- og foreldraviðtöl í 8.-10. bekk

Dagsetningar í febrúar

05.02 Dagur stærðfræðinnar

15.02 Bolludagur

16.02 Sprengidagur

17.02 Öskudagur, skertur dagur

18.02-19.02 Vetrarfrí, frístund lokuð

Spjaldtölvuvefur Kópavogsbæjar

Gagnlegar og mikilvægar upplýsingar eru að finna á spjaldtölvuvefnum.

Smelltu [hér til](#) að skoða vefinn.

Námsvefur Vatnsendaskóla

Inn á námsvef Vatnsendaskóla er margt áhugavert. Smelltu [hér](#) til að skoða námsvef-inn okkar.



Mötuneyti Vatnsendaskóla er nú starfrækt fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans. Lögð er áhersla á fjölbreytta fæðu og starfar mötuneytið eftir lýðheilsu-markmiðum. Hér er að finna [matseðil](#) næstu vikna.

Við minnum á að Vatnsendaskóli er [hnetu-](#), [möndlu-](#) og [kívílaus](#) skóli.

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að senda hugmyndir að nýjum og áhugaverðum réttum á alfred@kopavogur.is.

Saman gerum við gott mötuneyti betra !

Foreldra- og nemendaviðtöl í 8.-10. árgöngum eru dagana 25.-29. janúar. Viðtölin verða rafræn í gegnum Google meet. Skráning í viðtölin fara fram í gegnum Mentor frá 18. janúar.

Foreldra- og nemendaviðtöl í 1.-7. árgöngum fer fram 1.-5. mars. Við látum ykkur vita með hvaða hætti viðtölin fara fram þegar nær dregur. Skráning í viðtölin fara fram í gegnum Mentor frá 22. febrúar.



Google Meet

Í Dótakassanum er fjallað um ýmislegt sem tengist ungu fólki og hvernig hægt er að hafa uppbyggileg áhrif á eigin líðan og heilsu.

Umsjónarmaður hlaðvarpsins Bóas Valdórsson er sálfræðingur Menntaskólans við Hamrahlíð og Vatnsendaskóla.

Hér er að finna slóð á hlaðvarpið: [Dótakassinn](#)

Dótakassinn
Hlaðvarp



Bók mánaðarins er *Skóli og skólaforeldrar—ný sýn á samstarfið um nemendur*, eftir Nönnu Kristínu Christiansen. Bókin er skrifuð fyrir grunnskólakennara og foreldra grunnskólabarna í þeim tilgangi að vekja þá til umhugsunar og umræðu um hlutverk sitt og benda á mikilvægi samstarfs foreldra og skóla. Með bókinni er hvatt til þróunar samstarfs í samræmi við þarfir og væntingar samtímans, bent er á mögulegar leiðir, hagnýtar upplýsingar og ráð sem stuðlað geta að árangursríku samstarfi foreldra og kennara.

Áhugaverð bók sem á erindi til allra sem koma að grunnskólanemendum.